

Latínan, Linné og leiðin

A gæt hugmynd var það hjá mag. Kristni Ármanussyni að hafa í lesbók sinni nokkur sýnisporn af latínu einsog fræðimenn og vísindamenn síðari tíma hafa ritað hana. Þó að sú stofnun, sem nú er kölluð mentaskóli, hjeti á mínum námsárum latínuskóli, og miklum tíma væri þar varið til latínunnar, þá var ekki borið við að kenna þar neitt um latínuna sem alþjóðlegt fræða- og vísindamál. —

Jeg var að lesa í bók Kristins, fyrsta kaflann sem tekinn er upp úr náttúrufræði Linnés, og er hann á ýmsan hátt einkar fróðlegur. „Stjörnurnar eru mjög fjarlægir lýsandi líkamir“, segir Linné, og hann skiftir þeim í himintungl sem eru björt af eigin ljósi, einsog sólin og fastastjörnurnar sem eru ennþá lengra burtu frá oss, og svo reikistjörnur, sem fá ljós sitt frá stjörnunum. Hjer er dálitið einkennilega að orði komist, þar sem ekki var kunnugt um neinar reikistjörnur nema þær, sem fá ljós sitt frá sólinni. Einnig það er eftirtektarvert, að Linné tekur ekki beinlínis fram, að fastastjörnurnar sjeu sólir. Það var á síðari hluta 16. aldar, sem Brúnó, einu af ágætustu heimspekingum, sem

varið hafa, skildi þetta, og skrif- aði hina frægu setningu: Astra ultra Saturnum continue sensibilia, soles sunt (sjá Nýal s. 489). En þó var þessum orðum fyrst í stað enginn gaumur gefinn; jafnvel hin ir miklu brautryðjendur í vísindum, Galilei, Kepler, Tycho Brahe og Baco, sem uppi voru samtímis þessum mesta vitfrömuði þeirra tíma, virðast ekki hafa veitt neina eftirtekt orðunum, sem á svo óvænt stórkostlegan hátt miðuðu til að færa út þekkingarsvið mannkynsins. Og jafnvel öll 17. öldin leið án þess að menn uppgötvuðu þessi orð. Því miður veit jeg ekki hver það var, sem fyrst gerði hinn stórkostlega skilning Brúnós á stjörnuheiminum að sínum, en ef einhver af lesendum mínum veit það, þá væri vel gert að segja frá því.

Ennþá fróðlegri en það sem Linné segir um stjörnurnar, eru orð hans um manninn, sem hann kallar fullkomastan, æðstan og efstan alls hins skapaða. Hitt væri þó sönni nér, að maðurinn sje vanskapaðasta og ófarsælasta skepna jarðarinnar. En þetta var mönnum ekki ljóst á Linnés dögum og jafnvel löngu síðar. En að svo er kemur af því, að maðurinn

er tilraun til nýsköpunar, sem ekki hefir tekist ennþá. Maðurinn á að verða svo fullkominn að viti og orku, að hann geti að nokkru leyti tekið í sínar, hendur sköpunarverkið og stjórn náttúruaflanna, að því er þessa jörð snertir. Í þessu eiga rót sína hugmyndirnar um lausn eða björgun mannkyns. Og er nú svo komið fyrir oss hjer á jörðu, að ekki má tæparara standa, ef ekki á algerlega að mistakast tilraumin til að koma hjer upp vitveru, sem geti orðið nægilega fullkomín til að taka þátt í sköpunarverkinu eins og nauðsynlegt er (sbr. ritgerð þá, sem heitir „Björgun mannkynsins“ og er aðalkaflinn í bókinni Framnýal).



Undarlegt virðist mjer, að vanta skuli í orðapýðingarnar úr kakfla bessum orðin „stella“, „indicium“ og „ultimus“. Í lesbókum er stórum betra. að útskýringar og þýðingar sjeu heldur fleiri en færri. Þvíædeins, að ekki sje vangert í þeim eftum, veitir lesbókin nægilega góða undirstöðu undir framhaldsnám.

30. okt. '41

Helgi Pjeturss.